

*Borgarráð****Drög að samningi um sölu á hlutafé Reykjavíkurborgar í Neyðarlínunni ohf.***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samning um sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Neyðarlínunni ohf. Samningurinn felur í sér að seljandi, Reykjavíkurborg, lofar að selja og Neyðarlínan ohf. að kaupa allt hlutafé seljanda í Neyðarlínunni ohf., kt. 511095-2559, að nafnvirði kr. 3.515.000 en það samsvarar 18,50% af útistandandi hlutafé félagsins. Söluverð er kr. 57.250.000, -.

Greinargerð:

Stjórn Neyðarlínunnar ohf. f.h. ríkisins lagði fram tilboð til Reykjavíkurborgar þann 23. október 2020 um kaup á öllu hlutafé borgarinnar í félaginu. Hlutur Reykjavíkurborgar nemur 18,50% eða sem nemur kr. 3.515.000 að nafnvirði. Neyðarlínan bauðst til að kaupa hlutaféð miðað við tilsvarendi hlutdeild í bókfærðu eigin fé félagsins eins og áætlað var að það yrði í lok október 2020 eða skv. því kr. 41.650.000. Sé miðað við ársreikning félagsins 31.12.2020 er fjárhæðin kr. 45.800.000. Hafði stjórn Neyðarlínunnar til viðmiðunar tilboðinu kaup ríkisins á hlut Landsvirkjunar og kaup Reykjavíkurborgar á hlut Orkuveitu Reykjavíkur í félaginu árið 2018 sem metnir voru með sambærilegum hætti.

Fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar var falið að rýna tilboð ríkisins. Það var mat sviðsins að unnt væri að meta virði félagsins talsvert hærra en tilboð Neyðarlínunnar ohf. hljóðaði upp m.a. í ljósi upplýsinga um váttryggingaverðmæti eigna skv. efnahagsreikningi félagsins. Eftir framlagningu málsins í borgarráði þann 20. maí sl. var borgarritara og sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs falið að leita samninga um sölu á hlutum Reykjavíkurborgar í Neyðarlínunni ohf. í ljósi vilja borgarráðs þess efnis.

Talsvert bil var á verðhugmyndum samningsaðila en samningaviðræður við fulltrúa kaupenda leiddu til þess að fulltrúar borgarinnar lögðu fram gagntilboð að fjárhæð kr. 57.250.000,- eða sem nemur bókfærðu virði félagsins m.v. 31. desember 2020 með 25% álagi. Tilboðinu hefur verið tekið af hálfu viðsemjenda. Það er mat Reykjavíkurborgar að samningsniðurstaðan sé ásættanleg.



Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættust.sviðs

Hjálagt:

Samningur um sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Neyðarlínunni ohf.

KAUPSAMNINGUR

um hluti seljanda í Neyðarlínunni ohf.

Seljandi

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Reykjavík

Kaupandi

Neyðarlínan ohf. kt. 511095-2559, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík

Hið selda

Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa allt hlutfé seljanda í Neyðarlínunni ohf., kt. 511095-2559, að nafnvirði kr. 3.515.000 en það samsvarar 18,50% af útistandandi hlutfé félagsins.

Yfirlýsingar seljanda:

Seljandi ábyrgist að hann er eigandi hinna seldu hluta sem framseljast án allra kvaða og veðbanda. Seljandi hefur sjálfur gert tillögu að kaupverði hins selda, sem kaupandi hefur fallist á. Er þar miðað við hlutdeild í bókfærðu eigin fé Neyðarlínunnar í lok árs 2020 með 25% álagi, tilsvareandi við hlutdeild hins selda hlutfjár. Seljandi staðfestir að hann muni ekki gera kröfur um frekara endurgjald fyrir hina seldu hluti og að kaupverðinu greiddu eigi hvorugur sammingsaðila frekari kröfur á hinn vegna hinna seldu eignarhluta. Þá staðfestist af hálfu seljanda að hann hefur fulla heimild til að undirrita kaupsamning þennan og undirgangast þær skyldur sem í honum felast.

Yfirlýsingar kaupanda

Kaupandi staðfestir að hann hefur fulla heimild til og rétt til að gangast undir kaupsamning þennan og taka á sig þær skyldur sem honum fylgja.

Kaupverð, greiðsla þess og afhending hins selda.

Kaupverð hins selda hlutfjár er krónur fimmtíuogsjömilljónirtvöfundruðog fimmtíu þúsund, kr. 57.250.000. Kaupverðið skal greitt innan tíu virkra daga frá því kaupanda berst kaupsamningur þessi undirritaður í tvíriti af hálfu kaupanda og skal hann þá jafnhliða senda seljanda annað frumrit sammingsins, undirritað af sinni hálfu ásamt staðfestingu á greiðslu kaupverðs. Kaupverðið greiðist inn á reikning seljanda í xxxbanka, nr: xxx xxx xxx.

Að kaupsamningi þessum undirrituðum af báðum aðilum og kaupverði greiddu teljast eigendaskipti að hinu selda hafa farið fram, þannig að hinir seldu hlutir séu framseldir kaupanda og er honum þá rétt að breyta hlutaskrá Neyðarlínunnar ohf. til samræmis við það.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og verður aðeins breytt með skriflegu samþykki beggja aðila.

Rísi ágreiningur út af vegna þessa samningsi þessum skulu aðilar freista þess að leysa úr honum sín í milli. Takist það ekki er aðilum heimilt að bera ágreininginn undir Héraðsdóm R~~eyk~~javíkur.

Til staðfestingar á kaupsamningafsali þessum rita aðilar nöfn sín í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 30. júní 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Neyðarlínunnar ohf.

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri
fjármála- og áhættustýringarsviðs

Þórhallur Ólafsson, frkvstj.

Vottar að rétri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:

Nafn	Kennitala	Heimili
Nafn	Kennitala	Heimili

Skjal þetta er samið af Þórarni V. Þórarinssyni, hrl. kt. 250654-2869